

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



Dags eftirlits	2.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Þórir Baldusson	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið fyrra eftirlit með starfsleyfi álvers Rio Tinto í Straumsvík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Kynning á starfsemi álversins
2. Viðhald á mengunarvarnabúnaði (gr. 2.1)
3. Móttaka, geymsla og meðhöndlun hráefna (gr. 3.2)
4. Áhættumat fyrir tíðni eftirlits
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

Um er að ræða fyrsta eftirlit eftir að nýtt starfsleyfi var gefið út í október sl. Starfsleyfið var endurnýjað þar sem gildistími eldra starfsleyfis var til 1. nóvember 2021 og jafnframt eru komnar fram BAT kröfur vegna iðnaðar með járnlausan málm og miðast starfsleyfið við þær.

Eftirlitið hófst á fundi þar sem rekstraraðili kynnti starfsemi álversins og stöðuna frá síðasta eftirliti. Rætt var um nýja starfsleyfið. Fram kom að rekstraraðili myndi gera nýja mæliáætlun í samræmi við starfsleyfið og senda til stofnunarinnar seinna á árinu. Rætt var um frárænnismælingar en með nýju starfsleyfi er aukin tíðni frárænnismælinga, fram kom að erfitt hefði verið að komast að einstaka brunnum vegna snjóa í vetur.

Farið var yfir niðurstöður áhættumats Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Álverið er sem stendur í áhættuflokki A og fær tvö reglubundin eftirlit árið 2022.

Rætt um nýja starfsleyfið og óskaði rekstraraðili skýringa m.a. á orðalagi "venjuleg starfsemi", mælingar í fráveitu og vatnshlot. Jafnframt var rætt um staðsetningu nýrrar loftgæðastöðvar sem fyrirhuguð er vestan við álverið.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðili kynnti verkferla varðandi móttöku, meðhöndlun og geymslu hráefna og skoðaður var löndunarbúnaður. Einnig var farið að flæðigryfju. Að lokum var farið í kerskála og þurrhrensivirki þar sem rekstraraðili kynnti umbótavinnu í stýringu hrensivirkjanna sem miðar að því að auka sjálfvirkni. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022

Sigríður Magnúsdóttir